

## Úrskurður

Agamál nr. 10/2018-2019

<b>Viðburður:</b>	Leikur Þórs Akureyri gegn ÍR í Dominos deild mfl. kk. sem leikinn var þann 25. október 2019
<b>Kærði:</b>	Mantas Virbalas
<b>Kærandi/ur:</b>	Dómarar leiksins

### Málavextir

Þann 26. október 2019 barst atvikaskýrsla dómara varðandi atvik í framangreindum leik. Í skýrslunni sagði:

*„Leikmaður 41 (Mantas) fer upp í frákast og er brotið á honum aftan frá af leikmanni 49 (Daða Berg). Í kjölfar villunar reiðist Daði og ýtir Mantas í gólfíð aftan frá svo Mantas fellur við. Daði Berg stormar í áttina að honum, mjög ógnandi og sparkar boltanum í hann tvisvar sinnum. Mantas reiðist í kjölfarið og sveiflar höndum í átt að andliti Daða Bergs. Það var mat dómara á staðnum að þessi hægri krókur Mantas hefði hitt andlit Daða Bergs og var honum þess vegna vikið af velli.“*

Undir rekstri málsins skoðaði nefndin myndbandsupptöku af vefmiðli visir.is - <https://www.visir.is/g/2019191029073/sjadu-handalogmalin-fyrir-nordan-tveir-reknir-ut-ur-husinu>

### Greinargerð Þórs

Athugasemdir bárust frá Þór og voru þær svohljóðandi:

*„Þór gerir athugasemdir við lýsingu dómara á atvikinu sem leiddi til kærunnar sem og viðbrögð dómara við atvikinu.*

*Í lýsingu í kærinni segir að svo hafi virst sem "hægri krókur Mantasar hefði hitt andlit Daða". Upptökur af atvikinu sýna að þetta var rangt mat dómaranna. Vissulega ýtti Mantas frá sér þegar hann stóð á fætur en það gerði hann vegna þess að árás Daða á hann stóð enn yfir. Eins og sjá má á upptöku hófst árásin hófst þegar Daði kom hlaupandi utan af kanti og stökk upp í frákast sem Mantas var augljóslega að fara að ná (og var búinn að ná). Daði lenti á Mantasi sem missti jafnvægið við höggið (enda kom Daði á ferðinni en Mantast hafði hoppað beint upp). Þegar hér var komið við sögu var Mantas í litlu jafnvægi og við það að falla í gólfíð. Þá bætti bætti Daði í og hratt honum með báðum höndum þannig að hann féll harkalegar í gólfíð en annars hefði orðið. Hann féll af miklum þunga rétt við fætur eins dómarans sem forðaði sér frá. Þar sem Mantas lá í gólfinu sparkaði Daði boltanum tvisvar sinnum í hann og í síðara sparkinu virðist hann ekki bara sparka boltanum, a.m.k.fylgir fóturinn ansi vel á eftir. Frekar en að liggja áfram í gólfinu og taka*

*við fleiri höggum eða spörkum stóð Mantas á fætur og reyndi þá eðlilega að stöðva árásina sem var í gangi gagnvart honum. Meintur hægri krókur var því að mati þórs fullkomlega eðlileg sjálfsvörn og verður að teljast sem einhvers konar "ýting" frekar en högg líkt og gefið er í skyn með því að tala um "hægri krók". Þá fékk Mantas eitt högg í viðbót eftir að hann var staðinn á fætur og kom það högg frá Florian Jovanov sem fékk enga refsingu frá dómurum leiksins.*

*Að lokum telur Þór að viðbrögð dómarsins sem var staddur næst atvikinu hafi ekki verið eðlileg og hann hefði getað stöðvað árásina og þar með einnig komið í veg fyrir höggið sem Florian veitti Mantasi með því að bregðast fyrir við.*

*Með vísan til framangreindra sjónarmiða og atvika sem sjást af upptöku telur Þór að brottrekstur Mantasar hafi verið rangur dómur og því sé ótækt að hann og Þór sæti frekari refsingu í formi leikbanns.“*

### **Frekari útskýringar dómara**

Aga- og úrskurðarnefnd óskaði eftir frekari skýringum dómara á atvikalýsingu sinni en þar kom m.a. fram að það væri mat dómara að hinn kærði hefði hitt andstæðing sinn með atlögu sinni, hvort sem það hafi verið stroka eða smell hitt, þá væri það enn mat dómara. Meðal annars vísuðu dómara til þess andstæðingur hins kærða hefði augljóslega verið með sprungna vör eftir átökin sem blæddi úr.

Þá kom fram af hálfu dómara: „Þarna er leikur ekki í gangi og það er okkar mat að þetta hafi ekki verið tilraun til að verja sig heldur til þess að svara fyrir sig. Ef hann hefði staðið upp og mögulega ýtt í Daða þá hefði verið hægt að færa rök fyrir því að um einhvers konar sjálfsvörn væri að ræða en að okkar mati var þetta eingöngu gert til að svara fyrir sig. Tilraun til árásar, hvort sem það sé gagnáras eða ekki fellur undir sama hatt og heppnuð árás að okkar mati. Í báðum tilfellum hefði hann þurft að yfirgefa völlinn.“

### **Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar**

Skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) úrskurðar nefndin um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í mótum á vegum KKÍ, enda fjalli hvorki FIBA World né FIBA Europe um málið.

Af atvikaskýrslu til nefndarinnar sem og myndbandsupptöku sem skoðuð var, má sjá að hinn kærði verður fyrir atlögu af hálfu leikmanns ÍR, sem á ekkert skylt við íþróttalega framkomu. Meðal annars var ýtt í bakið á hinum kærða í frákastabaráttu svo hann datt í gólfið og síðan í kjölfarið sparkað í boltann af stuttu færi sem lendir á hinum kærða. Allt gerist þetta á fáum sekúndum. Við þessa atlögu stendur hinn kærði upp snögglega og sveiflar höndum í átt að andstæðing sínum. Kemur annar andstæðingur hans inn á milli og róast þá hlutirnir.

Skv. 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar er það grundvallarregla að nefndin er bundin af ákvörðunum dómara leiksins, m.a. um brottvísun og tæknivillu. Er því ljóst að nefndin verður að fella háttsemi hins kærða til samræmis við ákvörðun dómara. Í þessu máli koma þá c. liður og d. liður 13. gr. reglugerðarinnar eingöngu til skoðunar.

Að mati nefndarinnar fellur háttsemi hins kærða hlutlægt séð undir d. lið, eins og henni er lýst í atvikalýsingu dómara og sjá má af myndbandsupptöku. Nefndin telur það þó hluta af skýringu á d. lið reglugerðarinnar að utan þess ákvæðis falli háttsemi þar sem menn bregðast ósjálfrátt við slíkri aðför, þó einungis þannig að slík viðbrögð séu hófleg og ólíkleg til að þess á auka á þann ófrið sem hefur myndast. Í þessu máli telur nefndin að þegar háttsemi hins kærða er metin í heildarsamhengi atburða með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum, að d. liðurinn eigi ekki við í þessu máli. Aftur á móti felur framangreind skýring ekki í sér að slík viðbrögð eða háttsemi geti ekki fallið undir aðra stafliði reglugerðarinnar. Að mati nefndarinnar var brottvísun hins kærða í samræmi við leikreglur og rétt í þessu máli að fella hana undir c. lið reglugerðarinnar.

Með vísan til framangreinds skal hinn kærði sæta eins leiks banni vegna hins kærða atviks.

### Úrskurðarorð

Hinn kærði, Mantas Virbalas, skal sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar í leik Þórs Akureyri gegn ÍR í Dominos deild mfl. kk. sem leikinn var þann 25. október 2019.

Reykjavík 5. nóvember 2019

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður**  
**Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður**  
**Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður**  
**Kristinn G. Kristinsson**  
**María Káradóttir**  
**Birkir Guðmundarson**